

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

*sent í gegnum samráðsgátt stjórnvalda*

Stjórnir Náttúruverndarsamtaka Suðurlands annars vegar og Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi hins vegar taka heils hugar undir og lýsa stuðningi sínum við fram komnar athugasemdir Landverndar við drög að frumvarpi um þjóðgarða og Þjóðgarðastofnun.

Sérstaka athygli vilja samtökin vekja á umfjöllun um yfirvofandi alvarlegar breytingar á náttúruverndarlögum, sem ekki hafa verið látnar í veðri vaka af stjórnvöldum;

„Alvarleg handvömm hefur orðið við kynningu frumvarpsins þar sem láðst hefur að vekja athygli á því að verði frumvarpið að lögum breytist 47 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Það myndi draga umtalsvert úr getu þjóðgarða til að vernda íslenskri náttúru. Ef breytingin nær fram að ganga verða framkvæmdir og athafnir innan þjóðgarðs sem ekki þjóna markmiðum friðlýsingar hans, ekki lengur bannaðar.“ (Athugasemdir Landverndar við drögum að frumvarpi um þjóðgarða og Þjóðgarðastofnun, bls. 2).

Ófyrirgefanlegt er að ætla að veikja umrætt verndarákvæði laganna eins og útlit er fyrir að standi til að gera. Slík tilhögun gengur á engan hátt upp við verndarflokkun Alþjóða náttúruverndarsamtakanna, IUCN, sem á sér samsvörun í nefndum náttúruverndarlögum. Hér virðist eiga að fara „séríslenska leið“ á kostnað náttúruverndar. Slíkt er alvarleg gengisfelling á markmiðum hennar og getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á hugmyndir um náttúruvernd til framtíðar, innan sem utan þjóðgarða.

20. janúar 2020

f.h. Náttúruverndarsamtaka Suðurlands  
og Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Ingibjörg Eiríksdóttir